

Óþekkt stúlka.



Hvítárvatn.

Bestur í einstaklingsmyndum og frábær í landslagi

VEGLEG sýning á ljósmyndum Ólafs Magnússonar konunglegs hirðljósmyndara verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í dag. Það eru listasafnið og Þjóðminjasafn Íslands sem standa að sýningunni.

Þess má geta að myndadeild Þjóðminjasafns Íslands fékk fyrir skemmstu safnaverðlaunin fyrir rannsóknir og sýningar á verkum genginna ljósmyndara.

Ólafur Magnússon fæddist árið 1889 og var sonur Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara, en myndir hans hanga nú til sýnis í sal Ljósmyndasafns Reykjavíkur í Grófarhúsinu, við hlið Listasafns Reykjavíkur. Ólafur nam ljósmyndun hjá föður sínum, en sótti framhaldsnám til Kaupmannahafnar. Hann opnaði eigin stofu árið 1914 í Templarasundi í Reykjavík og var í röð fremstu ljósmyndara okkar á fyrri hluta aldarinnar og allt framyfir hana miðja.

Þegar Kristján konungur tíundi kom í sína frægu heimsókn til Íslands árið 1921 hlotnaðist Ólafi sá heiður að fylgja konungshjónunum á ferð þeirra um Suðurland og festa ferðir þeirra á myndir. Í kjölfar heimsóknarinnar hlaut Ólafur titilinn konunglegur hirðljósmyndari.

Ívar Brynjólfsson ljósmyndari og sérfræðingur við myndadeild Þjóðminjasafns er sýningarstjóri ljósmyndasýningarinnar, sem er mjög umfangsmikil, í þrem sölum á annarri hæð. Nú allra síðustu daga voru Þjóðminjasafnsstarfsmenn enn að finna myndir eftir Ólaf í einkaeigu; – myndir sem verða þó með á sýningunni.

„Sýningunni er skipt í fernt. Í fyrsta lagi sýnum við portretmyndir Ólafs, sem hann tók á stofu sinni allt frá því hún var opnuð og þar til hann dó, 1954. Ólafur var mjög flinkur portrettljósmyndari, en tókst best upp í einsmanns myndum. Á þessum tíma var Sigríður Zoëga langbest í hópmyndatökum, Loftur Guðmundsson í glamúrmyndum. Þau höfðu hvert um sig sitt sjónarhorn í portrettmyndatökum. Portrettmyndirnar sem við sýnum eru allt nýjar kópíur, og eingöngu valdar úr svokallaðri kabinet stærð úr glerplötusafni hans.

Í öðru lagi sýnum við myndir úr konungheimsóknunum 1921 og 1926 í öðrum sal. Það eru allt eigin kópíur Ólafs.

Í þriðja lagi sýnum við landslagsmyndir Ólafs, sem er kannski það sem er eftirsóknarverðast að sjá, því þær myndir hafa ekki verið sýndar í meir en hálfa öld. Satt að segja var Ólafur betri landslagsljósmyndari en flestir þeirra sem þykja góðir í dag. Hann stækkaði myndir sínar upp í stórt format og seldi á svipaðan hátt og málverk; – hann keppti við landslagsmálara á þeim markaði. Það sjáum við á auglýsingum frá þessum tíma, þar sem landslagsmyndir hans eru auglýstar til dæmis til brúðargjafa og yfirleitt voru þær handmálaðar eða eintónaðar.

Í fjórða lagi sýnum við panorama-myndir Ólafs, sem hafa hingað til verið ranglega eignaðar Magnúsi föður hans, en Ljósmyndasafn Reykjavíkur hefur lánað okkur filmurnar af þeim.“

Erfitt að greina feðgana að

Ívar segir að safn feðganna hafi um tíma blandast mjög mikið og að því hafi verið erfitt að greina í sundur hvor hafi tekið hvað. Þegar Ólafur dó var filmum hans komið fyrir á Þjóðminjasafninu, en filmur Magnúsar eru varðveittar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Bæði söfnin eru blönduð filmum beggja, en Ívar segir að engar myndir hafi verið settar á sýninguna nú nema þær væru sannanlega eftir Ólaf. Þó er ekki rétt að tala um filmur, því mest var tekið á gler. „Glerið var notað í nánast allt, en panorama-myndirnar voru þó teknar á rúllufilmu. Árbók Ferðafélagsins birti á sínum tíma panorama-myndir sem voru merktar Ólafi. Við gátum einnig tímasett hvenær þessar myndir voru almennt teknar og það er á tímabili þar sem Ólafur eru upp á sitt besta. Það er afar ólíklegt að Magnús faðir hans hafi verið að þvælast um reginfjöll og öræfi á gamals aldri til að taka þessar myndir og búnaðurinn er þungur og erfiður viðureignar fyrir mann sem var kominn undir áttrætt. Þetta voru mjög erfið ferðalög. Við höfum séð eina panoramamynd frá Reykjavík merkta Magnúsi, en teljum að hinar séu allar eftir Ólaf. Við sjáum þetta ennfremur af þeim ferðalöngum sem eru með á þessum ferðalögum; – það er ungt fólk, á sama reki og Ólafur var. Einnig er talsvert um landslagsmyndir sem teknar eru á venjulegar vélar og sýna sömu svæði og panoramamyndirnar. Það er því margt sem styður kenningu okkar um að panoramamyndirnar séu höfundarverk Ólafs.“



Ljósmynd: Ólafur Magnússon

Sjálfsmynd.

Ólafur hélt sýningar á landslagsljósmyndum sínum í Kaupmannahöfn bæði á þriðja og fjórða áratug 20. aldarinnar, og var fyrstur íslenskra ljósmyndara til að sýna á erlendri grund. Ívar telur ólíklegt að Ólafi Magnússyni hafi verið kunnugt um hvað um var að vera í landslagsljósmyndun annars staðar í heiminum, nema kannski í Danmörku, en þangað voru líklega mest tengsl íslenskra ljósmyndara.

„Ef við skoðum bara Ísland eru þeir sem á undan honum komu Magnús faðir hans og Sigfús Eymundsson og því ekki um auðugan garð kennara að gresja. Þegar við skoðum Árbækur Ferðafélagsins sjáum við til dæmis að þar sem Ólafi sleppir tóku við myndasmiðir sem voru ekki endilega atvinnuljósmyndarar, heldur kannski ferðalangar sem einnig voru áhugaljósmyndarar. Þessir menn tóku sínar myndir líka nær, meðan Ólafur var meira í stóru og breiðu útsýni, svona *grand vistas*. Landslagsljósmyndarar dagsins í dag ættu að skoða myndir Ólafs, – þær eru mjög flottar. Ég er viss um að þeir gætu lært eitthvað af því.“

Flestar landslagsmyndir Ólafs Magnússonar eru teknar í Borgarfirði, á Suðurlandi og Þingvöllum. Í þá daga var það vinsælt að handmála ljósmyndir, enda litfilmur ekki komnar til sögunnar. Sú tækni sem þá var notuð við málun myndanna er í grundvallaratriðum sú sama og notuð er í dag. Vinsældir þessarar tækni hafa þó dvínað umtalsvert með tilkomu litljósmyndarinnar. Því gætu margir horfið inn í heim nostalgíunnar og heimsóknir til afa og ömmu á miðri síðustu öld við að sjá myndir Ólafs. Rammarnir eru líka tíðarandatákn, veglegir og gylltir. „Í dag eru ljósmyndarar ekki að lita svarthvítar myndir, nema kannski í ljósmyndaskólum. Það er kannski harður dómur, en ég held að frjáls ljósmyndun sé ekki til á Íslandi í dag; öll ljósmyndun er svo markaðsvædd – hefur lítið frelsi frá honum og gefur okkur því mjög þrönga mynd af landinu, og reyndar þjóðinni líka. Það er mikill ókostur.“

Í tengslum við sýninguna er gefin út bók um ljósmyndaferil Ólfs, sem Inga Lára Baldvinsdóttir hefur tekið saman.

Dominique Perrault á jarðhæð

Á morgun hefst líka önnur sýning í Listasafni Reykjavíkur; sýning á tíu verkum franska arkitektsins Dominique Perrault. Sýningin er hingað komin að frumkvæði Alliance Francaise á Íslandi og með stuðningi franska sendiráðsins hérlendis, en yfirskrift hennar er Morceaux choisis, – Valin verk. Það er listkynningardeild franska menntamálaráðuneytisins sem vann sýninguna í samráði við vinnustofu Perraults, en þetta er farandsýning, ætluð til kynningar á verkum hans á alþjóðlegum vettvangi.

Dominique Perrault fæddist árið 1953 og lauk prófi í arkitektúr frá École des Beaux-Arts í París 1978. Eftir framhaldsnám í skipulagsfræði og sagnfræði opnaði hann eigin teiknistofu. Þáttaskil urðu á ferli hans 1989 er hann hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegri samkeppni um þjóðarbókhlöðu Frakklands. Byggingin vakti strax alþjóðlega athygli og skapaði Perrault sess í fremstu röð franskra arkitekta.

Einkenni á byggingarlist Perraults eru hugmyndir hans um samband byggingar og landslags. Hann lítur á lóðina og landið sem byggingarefni sitt, fremur en gler, steypu og stál. Að hans mati felst hönnun bygginga í umbreytingu þess landslags sem fyrir er á hverjum stað, fremur en því að reisa byggingu í hefðbundnum skilningi. Í hans huga er það að skapa staði áhugaverðara verkefni en að byggja hús.

Pétur Ármannsson deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Íslands er sýningarstjóri sýningarinnar hér og 7. desember verður hann með sérstaka leiðsögn um sýninguna kl. 15.